

Vopnafjarðarhreppur
Þorsteinn Steinsson,
sveitarstjóri
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. júní 2012
Tilvísun: UST20120400073/ksj

Lýsing á deiliskipulagi athafna- og urðunarsvæðis á Búðaröxl, Vopnafirði

Vísað er til erindis sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps er barst 10. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á tillögu að deiliskipulagi athafna- og urðunarsvæðis á Búðaröxl Vopnafirði.

Umhverfisstofnun bendir á að innbyrðis ósamræmis gætir milli lýsingar á tillögu að breyttu aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps og lýsingar á tillögu að deiliskipulagi athafna- og urðunarsvæðis á Búðaröxl í Vopnafirði.

Í lýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar er urðunarsvæði á Búðaröxl sagt 10 ha sem skiptist í eldra urðunarsvæði sem sé 5 ha og framtíðar urðunarsvæði sem sé 5 ha. Í lýsingu að deiliskipulagi urðunarsvæðisins á Búðaröxl er urðunarsvæðið í heild sagt vera 9,4 ha og skiptast þannig að eldra urðunar svæði sem er frá gegnið sé 4,8 ha og framtíðar urðunarsvæði er sagt vera 4,6 ha.

Mat á umhverfisáhrifum

Urðunarsvæðið mun taka við úrgangi til urðunar sem er yfir 500 tonnum á ári og fellur þar af leiðandi undir 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, og er framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum. Alls er áætlað að urðunarstaðurinn muni taka við 500 tonnum af lífrænum úrgangi árlega auk almenns sorps. Skilgreint urðunarsvæði verður alls 10 ha að stærð með þeirri stækkun er felst í breytingartillöggunni.

Urðunarsvæði staðsetning

Í ofangreindri deiliskipulagstillögu felst að athafnasvæði og urðunarsvæði sveitarfélagsins verði stækkað. Urðunar- og athafnasvæði á Búðaröxl eru staðsett ofan og vestan þéttbýlis á Vopnafirði, undir og norðan við svokallað Hraun á Búðaröxl. Í umfjöllun um grunnástand í greinargerð er fylgir lýsingu að deiliskipulagstillöggunni kemur fram að skipulagsmörkin afmarkast af skipulögðum Norðausturvegi til norðurs og Hraunklettum til suðurs. Einnig

kemur eftirfarandi fram: „Núverandi urðunarsvæði er nyrst á skipulagssvæðinu og er framtíðar urðunarsvæði staðsett sunnan við það á sléttum framræustum túnum.“ Þegar uppdrættir er fylgja lýsingunni eru skoðaðir kemur í ljós að talsverð tilfærsla er á reit er sýnir urðunarsvæði og að framtíðar urðunarsvæði kemur ekki eingöngu sunnan við núverandi urðunarsvæði heldur er urðunarsvæðið einnig stækkað til norðurs að nýjum Norðausturvegi. Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að stækka urðunarsvæðið til norðurs, þar sem að þá færst urðunin nær svæði nr. 603 á náttúrumuinjaskrá. Í skránni segir um svæðið: „**603.** Nýpslón og Skógalón, Vopnafjarðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Nýpslóni og Skógalóni inn af Nýpsfirði. (2) Grunn, sölt lón. Mikið dýralíf við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni.“

Að mati Umhverfisstofnunar er jhætta á að sigvatn frá urðunarstað fari í ofangreind lón, og eykst sú hætta er urðun er færð nær lónunum. Frá urðunarstað að Skógalóni er brött brekka niður að lóninu sem eykur á hættuna um að sigvatn endi í lónunum. Umhverfisstofnun telur afar mikilvægt að komið verði í veg fyrir að vatn komist frá urðunarstað í Skógalón, t.a.m.með botnþéttingu.

Skilgreint athafnasvæði á Búðaröxl mun stækka úr 21,1 ha í 52 ha. Einnig mun urðunarsvæðið stækka og áætlað er að aukið magn sorps komi til urðunar á núverandi urðunarsvæði. Einnig segir í lýsingunni að urðunarsvæðin bæði eldra svæði og framtíðar svæði verði skilgreind í samræmi við breytta legu Norðausturvegar. Á uppdrætti yfir tillögu að breytingu að aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 – 2026 er fylgir lýsingunni kemur fram að eldra urðunarsvæðið á Búðaröxl er sýnt nær nýjum Norðausturvegi og einnig er framtíðarhluti urðunarsvæðisins nær nýja veginum en á samþykktu aðalskipulagi sem þýðir að urðunarsvæðið er fært nær Skógalóni sem er svæði á náttúrumuinjaskrá. Umhverfisstofnun telur að umhverfisáhrif urðunarstaðar á Skógalón og Nýpslón verði minni ef urðunarstaður er ekki færður nær nýja veginum og þar með Skógalóni. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að halda fjarlægð urðunarstaðar frá Skógalóni óbreyttri.

Umhverfisstofnun bendir á að í deiliskipulagstillögu af athafna- og urðunarsvæði á Búðaröxl þyrfti að koma fram á hvern hátt verði komið í veg fyrir að sigvatn frá urðunarstaðnum fari í Skógalón, enda mikið dýralíf við sérstæð skilyrði í lóninu og mundi sigvatnið hafa neikvæð umhverfisáhrif á dýralífið.

Lyktarmengun

Í lýsingu á deiliskipulagstillögu kemur fram í markmiðum tillögu: „Að koma í veg fyrir mengun lofts í samræmi við umhverfisviðmið.“ Að mati Umhverfisstofnunar þarf í deiliskipulagstillögu að koma fram hver fjarlægð er frá urðunarstað er að íbúðabyggð. Einnig þarf að koma fram á hvaða hátt á að ná því markmiði að koma í veg fyrir lyktarmengun.

Landslag og ásýnd

Í umfjöllun um landslag og ásýnd í kafla um umhverfisþætti og viðmið kemur fram: „Annars vegar afmarka klettarnir í Hrauni svæðið til suðurs og hins vegar brött grasbrekka niður í Skógarlón til norðurs.“ Einnig kemur fram að urðunarsvæðið muni nýtast síðar til útplöntunar sem hluti af aðliggjandi útvistarsvæði. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti í deiliskipulagstillöggunni einnig að koma fram hvernig ætlunin er að fella athafnasvæði að svo

miklum útvistarperlum og náttúruminjum eins og Skógalóni og klettunum í Hrauni.


Fok og meindýr

Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að vera umfjöllun um fok frá urðunarstað og mótvægisadgerðir varðandi meindýr í umhverfisskýrslu með tillögu um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 – 2026.

Niðurstaða

Í lýsingu á deiliskipulagstillögu athafna- og urðunarsvæðis á Búðaröxl kemur fram að svæðið sem tillaga er um að stækki liggar fremur næri íbúðarbyggð Vopnafjarðar. Einnig kemur fram að náttúruminjar þ.e. Skógalón/Nýpslón og klettar í Hrauni liggja nálægt þeim svæðum er ætluð eru fyrir athafnasvæði og urðunarsvæði. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að haft verði í huga að athafnasvæði falli eins vel að náttúruminjum og kostur er. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að skoðaðar verði fjarlægðir frá urðunarstað að núverandi byggð í Vopnafirði vegna mögulegrar lyktarmengunar, og að urðunarsvæði verði ekki stækkað til norðurs í átt að Skógalóni vegna hættu á að mengun frá urðunarsvæðinu hafi neikvæð áhrif á lífríki lónsins.

Virðingarfyllst


Adalbjörg B Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun